

Miðvikudaginn 15. apríl 1992.

Nr. 168/1992. **Júlíus Einarsson**

gegn

**Guðrúnu Maríu Berg Júlíusdóttur,
Þorbjörgu Berg Guðnadóttur og
Hagstofu Íslands til réttargæslu.**

Kærumál. Þjóðskrá. Faðerni. Hagstofa Íslands. Frávísunardómur staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 25. mars 1992. Kæruheimild er í b-lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Kæran ásamt gögnum barst Hæstarétti 10. apríl.

Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða frávísunardómi verði hrundið og málinu vísað heim í hérað til efnismeðferðar. Jafnframt krefst hann kærumálskostnaðar.

Varnaraðilar krefjast staðfestingar hins kærða frávísunardóms og kærumálskostnaðar.

Frá réttargæslustefnda hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Um rök fyrir kröfum sínum vísar sóknaraðili meðal annars til 4., 8. og 44. gr. barnalaga nr. 9/1981. Hann leggur áherslu á, að hann eigi ekki önnur lagaúrræði til að fá dóm um réttmæti kröfu sinnar en höfðun þessa máls.

Af hálfu varnaraðila er vísað til hins kærða frávísunardóms um rök fyrir kröfu þeirra í kærumálinu.

Í héraðsdómi eru raktar upplýsingar, sem benda til þess, að sóknaraðili sé ekki faðir varnaraðilans Guðrúnar Maríu Berg. Hinn kærði frávísunardómur byggist á því, að eigi geti reynt á kröfu sóknaraðila, fyrr en úr því álitæfni hafi verið skorið í vefengingarmáli. Samkvæmt lögum nr. 9/1981 eru ekki skilyrði fyrir aðild sóknaraðila að vefengingarmáli. Skilyrði fyrir höfðun ógildingarmáls samkvæmt 10. gr. laganna er ekki um að ræða.

Varnaraðilinn Þorbjörg Berg Guðnadóttir hefur skýrt svo frá í aðilaskýrslu, er hún gaf á bæjarþingi Reykjavíkur, að hún hafi tjáð

presti þeim, er skírði dóttur hennar, Guðrúnu Maríu Berg, að sóknaraðili væri faðir hennar. Kveður hún þetta hafa verið gert í samráði við hann. Sóknaraðili heldur því aftur á móti fram, að sér hafi ekki verið um þetta kunnugt. Þá hefur varnaraðilinn Þorbjörg Berg staðfest í greindri aðilaskýrslu, að sóknaraðili sé ekki faðir Guðrúnar Maríu, sem kveðst hafa fengið um þetta vitneskju, er hún var 13 ára gömul. Samkvæmt þessu eru upplýsingar þær, sem skráning hjá Hagstofu Íslands á faðerni varnaraðilans Guðrúnar Maríu Berg byggðust á, ekki réttar.

Ljóst er, að sóknaraðili á að svo vöxnu máli lögvarða hagsmuni tengda því, að dómur gangi um það, hvort umrædd skráning hans sem föður varnaraðilans Guðrúnar Maríu Berg hjá Hagstofu Íslands megi gegn mótmælum hans áfram standa, eftir að þær upplýsingar liggja fyrir, sem nú nýtur og að framan eru raktar. Engir réttarfarslegir annmarkar voru því í vegi, að á þá kröfu gæti reynt í þessu máli, og hún hefði að réttu lagi átt að geta náð fram að ganga.

Í stefnu í málinu segir, að þess sé krafist „að fá viðurkennt fyrir dómi, að skráning hjá Hagstofu Íslands á því, að stefnandi sé faðir stefndu Guðrúnar Maríu B. Júlíusdóttur, sé röng, og beri að afmá þá skráningu úr skrá Hagstofu Íslands“. Við munnlegan málflutning á bæjarþingi 6. mars sl. var m.a. bókað eftir lögmanni sóknaraðila: „Hann gerði sömu kröfur og fram koma í stefnu, nema hann felldi niður úr kröfugerð sinni orðin: „og beri að afmá þá skráningu úr skrá Hagstofu Íslands“.“

Eftir þessa breytingu á kröfugerð hefur sóknaraðili gert mál sitt þannig úr garði, að eigi eru skilyrði til þess, að efnisdómur verði á það lagður. Ber samkvæmt því að staðfesta niðurstöðu hins kærða frávísunardóms.

Kærumálskostnaður fellur niður.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði frávísunardómur er staðfestur.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 20. mars 1992.

1.0.

Mál þetta, sem tekið var til dóms föstudaginn 6. mars sl., hefur Júlíus Einarsson, kt. 280936-4999, Breiðumörk 10, Hveragerði, höfðað fyrir

bæjarþinginu með stefnu, birtri 19. og 20. júní 1991, á hendur Guðrúnu Maríu B. Júlíusdóttur, kt. 121055-7599, Vegghömrur 20, Reykjavík, og Þorbjörgu Berg Guðnadóttur, kt. 010639-4929, Suðurbraut 10, Hafnarfirði, og Hagstofu Íslands, Skuggasundi 3, Reykjavík, til réttargæslu.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að viðurkennt verði fyrir dómi, að skráning hjá Hagstofu Íslands á því, að stefnandi sé faðir stefndu Guðrúnar Maríu B. Júlíusdóttur, sé röng. Jafnframt krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefndu óskipt svo og virðisaukaskatts og dráttarvaxta að liðnum 15 dögum frá uppkvaðningu dóms í máli þessu samkvæmt lögum nr. 25/1987.

Dómkröfur stefndu Guðrúnar Maríu Berg Júlíusdóttur eru eftirgreindar:

1. Að dómurinn hafi þeirri kröfu stefnanda „... að fá viðurkennt fyrir dómi, að skráning hjá Hagstofu Íslands á því, að stefnandi sé faðir stefndu Guðrúnar Maríu B. Júlíusdóttur, sé röng...“

2. Að stefnanda verði gert að greiða stefndu Guðrúnu Maríu hæfilegan málskostnað að mati réttarins að viðbættum virðisaukaskatti á dæmdan málskostnað, sbr. lög nr. 50/1988. Þá krefst hún dráttarvaxta af dæmdum málskostnaði skv. 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. lög nr. 67/1989. að liðnum 15 dögum frá dómsuppsögu til greiðsludags.

Stefnda Þorbjörg Berg Guðnadóttir gerir ekki athugasemd við aðalkröfu stefnanda og samþykkir hana, að því er sig varðar. Hún gerir þá kröfu, að málskostnaður verði látinn niður falla.

Engar kröfur eru gerðar af hálfu réttargæslustefnda, Hagstofu Íslands. Sáttaumleitanir fyrir dómi hafa ekki borið árangur.

— — —

7.0. Forsendur og niðurstaða.

Stefnandi fullyrðir, að stefnda Þorbjörg hafi ranglega og í heimildarleysi látið skrá stefnanda föður stefndu Guðrúnar. Á hinn bóginn mótmæla þær því, að um heimildarlausa skráningu hafi verið að ræða. Var skráning þessi fyrst gerð á skírnarskýrslu, en á fæðingarskýrslu er stefnanda ekki getið. Þegar greind skírnarskýrsla barst Hagstofunni, voru upplýsingar af henni færðar yfir á fæðingarskýrslu af starfsmanni Hagstofunnar. Skírnarskýrslan var að því búnu send í þá sókn, þar sem móðirin átti lögheimili, til þess að unnt væri að færa upplýsingar hennar í kirkjubók lögheimilis-sóknar.

Stefnda Þorbjörg mun hafa verið ógift við fæðingu Guðrúnar árið 1955. Um óskilgetin börn giltu þá lög nr. 87/1947. Í 3. gr. þeirra laga taldist karlmaður faðir óskilgetins barns, sem kona kenndi honum, ef hann gekkst við því fyrir presti eða valdsmanni eða bréflega og vottfast. Sams konar ákvæði er nú í 8. gr. barnalaga nr. 9/1981.

Ekki hefur verið upplýst um það í málinu, hver skirði stefndu Guðrúnu, en færðar hafa verið líkur að því, að það muni hafa verið séra Jakob heitinn Jónsson. Telja verður, að löglíkur séu fyrir því, sé ekki sýnt fram á hið gagnstæða, að hlutaðeigandi prestur hafi sem opinber embættismaður annaðhvort aflað sér nauðsynlegrar viðurkenningar eða kynnt sér, að hún væri til, áður en hann gaf út greint skírnarvottorð.

Rúm 35 ár liða frá fæðingu stefndu Guðrúnar, þar til stefnandi höfðar mál þetta. Hefur hann ekkert aðhafst í málinu allan þennan tíma. Hann fullyrðir, að hann hafi aldrei viðurkennt faðerni stefndu Guðrúnar og hvorki verið krafinn um faðernisviðurkenningu né meðlagsgreiðslur. Stefndu fullyrða hið gagnstæða. Stefnda Þorbjörg fullyrðir, að stefnandi hafi viljað láta greina sig sem föður barnsins, og hafi það verið gert að ósk hans, enda hafi stefnda Guðrún jafnan kallað hann föður sinn. Stefnda Guðrún fullyrti í munnlegri skýrslutöku við aðalmeðferð málsins, að hún hefði litið á stefnanda sem föður sinn til 13 ára aldurs og vissi ekki til þess tíma betur en hann væri faðir sinn. Ekki liggja því fyrir óyggjandi upplýsingar um, hvort stefnandi hafi á sínum tíma viðurkennt að vera faðir stefndu Guðrúnar eða hvort stefnda Þorbjörg hafi beinlínis látið skrá stefnanda föður stefndu Guðrúnar án hans heimildar. Þeir, sem helst gætu borið um það vitni, munu vera látnir. Þá liggur ekki fyrir, að neinn annar maður hafi gengist við að vera faðir stefndu Guðrúnar.

Kröfugerð stefnanda lýtur að skráningu hjá Hagstofu Íslands á faðerni stefndu Guðrúnar. Stefnandi hefur ekki sýnt fram á, að skráning Hagstofunnar hafi verið lögformlega röng eða að hún sé ekki byggð á réttum gögnum. Virðist skráningin rétt að formi til í öllum efnum, þ.e. hér virðist um að ræða lögformlega skráningu, sem fram fór með réttum hætti.

Þar sem sá þáttur málsins, er snýr að faðerni stefndu Guðrúnar, er ekki nægilega upplýstur, þykir nauðsyn bera til, áður en kleift er að dæma um kröfu stefnanda um viðurkenningu á rangri skráningu Hagstofu Íslands, að fyrst sé skorið úr því álítaefni fyrir dómi, hvort stefnandi sé faðir stefndu Guðrúnar eða ekki. Kemur þar m.a. til, að málsmeðferð vefengingarmáls er annars konar en málsmeðferð þessa einkamáls.

Framangreindar ástæður þykja gefa nægjanlegt tilefni til, að vísa beri þessu máli frá dómi.

Eftir atvikum og sé litið til kröfugerðar stefndu, þykir rétt, að hver aðili beri sinn kostnað af málinu.

Jón L. Arnalds borgardómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Málskostnaður fellur niður.
